

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um meðhöndlun, vörslur og sölu haldlagðra, kyrrsettra og upptækra eigna og muna, nr. 880/2019.

#### 1. gr.

Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Nemi fjárhæð haldlagðs reiðufjár minna en 200.000 krónum er heimilt að víkja frá þeirri skyldu að stofna sérstakan bankareikning og leggja reiðuféð þess í stað inn á reikning sem stofnaður hefur verið í því skyni að varsla haldlagðar fjárhæðir undir þeim mörkum. Er heimildin bundin því skilyrði að rekjanleiki hvernar innlagðrar fjárhæðar á slíkan reikning sé ávallt tryggður.

#### 2. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Með sömu skilyrðum og þar er lýst, má nýta heimild 2. mgr. 16. gr. til að víkja frá þeirri skyldu að stofna sérstakan reikning þegar fjárhæð haldlagðra fjármuna á bankareikningi er undir þeim mörkum sem greinir í ákvæðinu.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 88. gr. a. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og tekur þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 7. janúar 2021.*

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Haukur Guðmundsson.*